

að leigutaki hefir notað sér samninginn um afnotaréttinn að söltunarplássinu til þess að útvega sérstaklega og auk-ið söltunarleyfi, og að það er viðurkennt af forstjóra Sildareinkasölu Íslands, að þær upplýsingar leigutaka um að hann hefði plássið á leigu, hafi veitt honum auk-ið söltunarleyfi, og að stefnda heldur því ómótmælt fram, að þótt leigutaki eigi notaði plássið hafi hann notað sölt-unarleyfið að fullu, verður að líta svo á, að sýkna beri stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, og að rétt sé að stefnandi greiði stefndu málskostnað í máli þessu með 400 krónum.

Miðvikudaginn 17. maí 1933.

Nr. 21/1933. **Benedikt Jónsson, f. h. Karítasar Ólafsdóttur** (Enginn)

gegn

eigendum timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeim dr. jur. Birni Þórðarson, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páli Ólafssyni og Guðmundi Bjarnasyni (Garðar Þorsteinsson).

Áfrýjað til staðfestingar, fjárnám ómerkt.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. okt. 1932: Stefndir, eigendur Timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeir dr. jur. Björn Þórðarson, lögmaður í Reykjavík, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páll Ólafsson, framkvæmdarstjóri Reykjavík og Guðmundur Bjarnason, Auðnum við Kleppsveg, Reykjavík, greiði in soldium stefnanda, Benedikt Jónssyni, f. h. Karítasar Ólafsdóttur Reykjavík, kr. 1000,00 með 6% ársvöxtum frá 15. febrúar 1930 til greiðsludags og kr. 217,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa.

Dómur hæstaréttar.

Hinir stefndu hafa hvorki mætt né látið mæta í máli þessu, enda þótt þeim hafi verið löglega

stefnt, og hefir það því verið flutt skriflega eftir 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í máli þessu, sem áfrýjað er með stefnu, útgefinni 28. febr. þ. á., krefst áfrýjandi staðfestingar á hinum áfrýjaða gestaréttardómi frá 12. okt. 1932. Með því að ekkert það liggur fyrir í skjölum málsins, er komi í bága við þá kröfu, þá ber að taka hana til greina.

Ennfremur hefir áfrýjandi þessa máls skotið til hæstaréttar með sömu stefnu fjárnámi, gert samkvæmt áðurnefndum dómi þann 7. dez. f. á. hjá einum hinna stefndu, Guðmundi Bjarnasyni, og einnig krafizt staðfestingar á því. Samkvæmt framlögðu eftirriti af fjárnámsgjörð þessari hefir hún farið fram í algjörum samlögum við aðra fjárnámsgjörð eftir dómi, er óstefndur þriðjimaður hafði á hendur hinum stefndu, og fjárnám til handa báðum gjört óaðgreint í sömu eign. Þessi meðferð er ólögmæt, sjá konungsbr. 3. jan. 1755, sbr. 2. málsg. 16. gr. laga nr. 27/1921, og verður sökum þessarar lögleysu að ómerkja ex officio hina umræddu fjárnámsgjörð. Loks hefir áfrýjandi krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Einn hinna stefndu, Guðmundur Bjarnason, hefir áfrýjað áðurnefndum dómi og fjárnámgerð til breytingar með stefnu, útg. 23. febr. þ. á. og hefir því veitt áfrýjanda nokkra ástæðu til sinnar áfrýjunar. Og þykir því rétt að dæma hann til þess að greiða áfrýjanda 100 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist, en hin áfrýjaða fjásnámsgjörð á að vera ómerk. Stefndi, Guðmundur Bjarnason, greiði áfrýjanda, Benedikt Jónssyni, f. h. Karitasar Ólafsdóttur, 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 5. september þ. á., af Benedikt Jónssyni, f. h. Karitasar Ólafsdóttur, Reykjavík, gegn eigendum Timburverzlunar Páls Ólafssonar, þeim dr. jur. Birni Þórðarson, lögmanni í Reykjavík, f. h. dánarbús Páls Bjarnasonar, Páli Ólafssyni framkvæmdarstjóra, Reykjavík og Guðmundi Bjarnasyni Auðnum við Kleppsveg, Reykjavík, og hefir stefnandi gert þær réttarkröfur, að stefndir sem ábyrgir eigendur Timburverzlunar Páls Ólafssonar verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 1000,00 auk 6% ársvaxta frá 15. febrúar 1930 til greiðsludags og innheimtulaun samkvæmt taxta M. F. Í. eða málskostnað að skaðlausu, þar með kr. 40,00 fyrir mót í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. apríl s. l., nemur málskostnaður samkvæmt framlögðum reikningi kr. 217,00.

Málavexti telur stefnandi vera þá, að umbjóðandi hans hafi átt veð í húseigninni Oddi, Seltjarnarneshreppi, fyrir kröfu að upphæð kr. 1000,00 auk vaxta. Húseign þessi hafi hinn 8. apríl s. l. verið seld á opinberu uppboði eftir kröfu veðhafa í eigninni, og hafi þá Jónas H. Jónsson, fasteignasali í Reykjavík, sem mættur var við uppboðið með umboði frá Timburverzlun Páls Ólafssonar, orðið hæstbjóðandi í eignina fyrir kr. 15000,00 og hafi hann með því boði boðið upp fyrir veðrétt stefnanda sem hefir 4. veðrétt í eigninni. Hafi boð stefndu verið samþykkt með simskeyti, dags. 14. apríl s. l., en þeir ekki fengizt til að greiða. Hefir stefnandi lagt fram veðskuldabréf, útskrift af réttarhaldi í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjós-

arsýslu, uppboðsskilmála og símskeyti máli sínu til sönnunar.

Með því að stefndir, sem látið hafa mæta í málinu og fengið frest í því, hafa ekki tekið til andsvara þá ber þegar af þeirri ástæðu að taka allar dómkröfur stefnanda til greina.

Föstudaginn 19. maí 1933.

Nr. 73/1931. **Stefán Gunnarsson** (Guðm. Ólafsson)
 gegn

**Óla Ásmundssyni, Ólafi Jónssyni og
 Einari Einarssyni**
 (Gústaf A. Sveinsson).

Um skilning á ákvæðum verksamnings. —

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1931: Stefndur, Stefán Gunnarsson, greiði stefnendum, Óla Ásmundssyni, Ólafi Jónssyni og Einari Einarssyni, fyrir smíði á ofangreindum sýningarskápum, eftir mati dómkvaddra manna, þó ekki hærri upphæð en kr. 2950,00 ásamt 6% ársvöxtum af upphæðinni frá 1. jan. 1929 til greiðsludags og kr. 200,00 í málskostnað, innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir hér fyrir dómi krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að hann verði sýknaður af kröfum hinna stefndu, svo og að þeir verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Hinir stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Á uppdrætti þeim, sem gerður var í marzmánuði 1928 af fyrirhuguðu húsi áfrýjanda við Austurstræti 12 hér í bæ, og ekki hefir verið vikið frá